

Fundargerðir stjórnar DÍS

Starfsárið 2015-2016



Fyrirvari við notkun:

Fundargerðir stjórnar Dýraverndarsambands Íslands eru birtar til að sýna framvindu og sögu félagsins. Ef fundargerðirnar eru notaðar eða birtar annars staðar óskum við eftir að vísað sé til uppruna þeirra og orðalagi þeirra sé ekki breytt.

1. fundargerð 28. maí 2015

Fyrsti fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á starfsári 2015-2016, haldinn að Grensásvegi 12A, 28. maí 2015 kl 19:30.

Mætt eru: Hallgerður, Linda Karen, Liselotte, Steindór. Sif og Benedikt boðuðu forföll.

Fundur settur kl 19:30.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Yfirfarin og samþykkt.

2. Praktísk mál

Umræða um rafmagnsmál fyrir húsnæði félagsins, það þarf að tengja húsnæðið við aðra heimtaug. Finna rafvirkja og halda húsfund með öðrum eigendum íbúða í húsinu uppá viðgerð.

Umræða um viðgerð á vegg vegna leka sem kom upp í vetur.

Umræða um dreifingu á Dýraverndaranum. Verður seldur í Eymundsson og einnig eru dýraspítalar áhugasamir um að selja ritið fyrir félagið.

Rætt um að kaupa forritið InDesign til að setja upp Dýraverndarann til að þurfa ekki að kosta til uppsetningar sérstaklega eins og hefur verið gert. Liselotte ætlar að kanna hvort hun geti útvegað forrit, annars eru kaupin samþykkt.

Hallgerður gengur frá skoðunaraðgangi á reikningum og lykilorðum fyrir nýja stjórnarmenn. Gengið er frá stjórnarskiptaskjali.

3. Blaðagreinar

Engar blaðagreinar að svo stöddu. Sýnd skjámynd af síðustu grein frá Dýraverndaranum sem send var til tímaritsins Eiðfaxa, kemur undir „Molar“ í blaðinu.

4. Fundargerð aðalfundar til yfirlstrar og samþykktar

Aðalfundargerð yfirlesin, breytingar unnar og hún samþykkt.

6. Tilboð frá Miðlun um kynningu og öflun styrkja

Kynnt tilboð frá Miðlun varðandi kynningu á félaginu og öflun félaga og féstyrkja. Stefnt að því að fara í þetta í tengslum við ákveðin verkefni, þ.e. til að safna fyrir málefnum. Ákveðið að bíða aðeins með að fara í þessa fjáröflun.

7. Eftirfylgni ÖBÍ

Húsfélag ÖBÍ ætlar sér að flytja þá íbúa sem hafa gæludýr í önnur húsnæði. En á þessum stöðum er ekki þjónusta svo fólkið þarf þá að velja á milli að hafa gæludýrin sín eða þjónustu. Rætt að stofna til undirskrifarsöfnunar, þetta er mjög djúpt inngríp í einkalíf fólks og gengur lengra en landslög, er lýðheilsumál. Ákveðið að hafa samband við ÖBÍ og óska eftir fundi með stjórn félagsins í ágúst. Stjórnarmenn hafa samband við ákveðna aðila til að leita stuðnings við málefnið og finna amk. fjórar viðurkenndar rannsóknir sem sýna fram á jákvæð áhrif selskapsdýra á fólk til að kynna fyrir stjórn ÖBÍ. Áætlað að fara í undirskriftarsöfnun ef fundur með ÖBÍ hefur engin áhrif.

8. Umsögn um breytingu á reglugerð um velferð svína

Umsögn um breytingu á reglugerð um velferð svína unnin. Hallgerður sendir umsögnina til ráðuneytis.

9. Næstu skref vegna einkaleyfis á Dýraverndaranum

Rætt um viðbrögð félagsins vegna einkaleyfis, en einstaklingur er að nota orðmyndina og myndmerki Dýraverndarans og hefur vefsíðu og Facebook síðu í nafni þess. Viðkomandi er einnig með lénið dyraverndarinn.is. Rætt um næstu skref til að vernda þessi réttindi DÍS. Ákveðið að Hallgerður og Liselotte vinni bréf sem sent verður í ábyrgðarpósti þar sem við skorum á viðkomandi að nota ekki lénið dyraverndarinn.is og taka út orðmyndina og myndirnar af merki blaðsins af vefsíðum sínum.

10. Erindi á fundi sleðahundafélags í september

DÍS heldur að sjálfsögðu erindi um starfsemi félagsins þegar þess er óskað og fer sem gestur á þennan atburð.

11. Að ekki sé hægt að kæra dýranið beint til lögreglu, stenst það? (ath)

Fært til næsta fundar.

12. Önnur mál

A) Hundar í búrum

Hallgerður vinnur umsögn með Dýrahjálpi Íslands til að senda til ráðuneytis vegna reglugerðar um velferð gæludýra um notkun búra til að geyma hunda langtímum, en á Norðurlöndunum er óheimilt að hafa hunda langtímum saman í búrum. Skv. drögum að reglugerð um velferð gæludýra verður það hinsvegar heimilt hérlendis. Vond þróun ef þetta verður almennt hér á landi.

B) Félagspörf smádýra og fugla

Linda óskar eftir aðstoð Liselotte og Hallgerðar við að gera sérstaka umsögn um reglugerð um velferð gæludýra til að senda í ráðuneyti hvað varðar að naggrísir, fuglar og kanínur séu ekki höfð ein, en það er ekki afdráttarlaust í drögum reglugerðarinnar.

C) Breyting á fundartíma stjórnarfunda

Ákveðið að halda vanalega stjórnarfundi síðasta fimmtudag í mánuði kl 18:30-21:00 í stað 19:30 til 22:00.

Næsti vanalegi stjórnarfundur verður kl 18:30, síðasta fimmtudag í ágúst, 27. ágúst.

Fundi slitið kl 22:20.

Fundargerð er yfirlésin á staðnum og samþykkt.

2. fundargerð 27. ágúst 2015

Annar fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á starfsári 2015-2016, haldinn að Grensásvegi 12A, 27. ágúst 2015 kl 19:30.

Mætt eru: Hallgerður, Linda, Steindór, Liselotte. Benedikt forfallaðist vegna lélegs netsambands. Sif mætir á fund kl 21:35.

Fundur settur kl 19:35.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Var yfirfarin og samþykkt á síðasta fundi.

2. Fundarform og utanumhald, fundartímar í vetur ofl.

Farið yfir samtektarskjal um viðmið og fundarform. Ákveðið að fundir verði síðasta fimmtudag í mánuði kl 18:30 til kl 21:00 fram í maí, nema í desember.

3. Praktísk mál: helstu störf í sumar:

Rætt um áframhald á félagsstarfi annara félaga í húsinu, samþykkt að veita aðgang að húsnæðinu áfram þar sem þetta er þeim mikill stuðningur.

Rætt um svarbréf sem barst frá hestakonu varðandi fyrirætlanir um extreme kappreiðar á hestum.

Hallgerður hitti formann Neytendasamtakana vegna velferðarvottunar á búfjárafurðum, áhugi fyrir því framtaki hjá samtökunum.

Rætt um svarbréf frá ÖBÍ varðandi erindi DÍS um úthýsingu þeirra á gæludýrum íbúa í leiguhúsnæði þeirra. Málið er í ferli hjá ÖBÍ.

4. Notkun aðila á orðmyndinni Dýraverndarinn

Bréf framunnið sem sent verður til aðila með tölvupósti vegna notkunar viðkomandi á nafni tímaritsins og merki þess. Einnig rædd frekari kynning á stöðu þessara mála.

5. Blaðgreinar

Hallgerður hvetur stjórnarmenn til að leggja fram greinar reglulega. Hallgerður með blaðgrein sem var yfirfarin og samþykkt.

6. MAST: engin kæra og engin refsing fyrir alvarlega misbrestir á dýravelferð?

Rædd um brot á lögum um dýravelferð sem ekki voru kærð af MAST, í báðum tilfellum búfé.

Viljum fá svör frá MAST, virðast þagga mál og kalla þau mannlegan harmleik án þess að kæra.

Ákveðið að senda stofnuninni bréf þar sem hún er innt svara.

7. Undirbúningur að velferðarvottun: greiningarhópur um íslenska búskaparhætti út frá dýravelferð.

Ákveðið að skipa þennan hóp á næsta fundi. Hallgerður vinnur skjal sem mun fjalla lauslega um feril að vottun fyrir næsta fund.

8. Framhaldsvinna á málefnum leiguhúsnæðis og selskapsdýra (ÖBÍ ofl)

Frestað til næsta fundar.

9. Ganga frá bréfi til sveitafélaga.

Frestað til næsta fundar.

10. Önnur mál

Krummusæti

Rætt um fyrirætlanir á sölu á sæti framan á hnakk fyrir börn þar sem þau eru bundin framan á reiðmann. Viljum kanna hvort rannsakað hafi verið áhrif á velferð hestsins þar sem hnakkur og hestur eru ekki gerð til að bera þunga á þessu svæði og í framhjálaupi öryggismál barna.

Ákveðið að skrifa bréf til viðkomandi hvort gengið hafi verið í skugga um hvort þetta sæti ógni velferð hestsins og öryggi barna. Linda vinnur bréf fyrir næsta fund.

Aukanafn

Rætt að reyna að fá nafnið Dýraverndarfélag Íslands sem aukanafn við nafn félagsins Dýraverndarsamband Íslands.

3. fundargerð 24. september 2015

Þriðji fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á starfsári 2015-2016, haldinn að Grensásvegi 12A, 24. september 2015 kl 18:30.

Mætt eru: Hallgerður, Linda, Steindór, Liselotte, Benedikt. Sif forfallaðist.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Var yfirfarin og samþykkt á síðasta fundi.

2. Praktísk mál

Niðurstaða húsfundar rædd, það þarf að fara í viðgerðir vegna rafmagnslagna og skemmda á húsvegg. Hallgerður leggur undir stjórn að kaupa tímaritsstand fyrir þrjár dýralæknastofur, rætt að finna hagstæð verð, Benedikt tekur það að sér. Rætt að byrja aftur á að hafa opið hús, fyrsta laugardag í mánuði og að fyrsta opna húsið verði þann 3. október kl 15:00. Ákveðið að málþing verði haldið þann í nóvember í tengslum við velferðarvottun. Ákveðið að halda aukastjórnarfund vegna málþings laugardaginn 17. september kl 12:00. Farið yfir bréf til fyrirtækis vegna Krummusætis sem er vara framan á hnakk til að reiða börn á hestbaki, bréfið var framunnið á staðnum og samþykkt. Erindi rætt sem barst frá Ljósinu, endurhæfingu- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk með krabbamein þar sem óskað var eftir stuðningi með auglýsingu, ákveðið að styðja aðeins málefni sem tengjast dýravelferð.

3. Blaðagreinar, bréf, ályktanir, áskoranir

Hallgerður með grein vegna ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að leyfa aukinn innflutning á landbúnaðarvörum. Greinin er samþykkt.

Félaginu barst erindi frá blaðamanni hjá Sjávarafli sem vildi heyra álit stjórnar á sleppingum við veiðar á villtum fiski. Unnin ályktun um málið.

4. Framhaldsvinna á málefnum leiguhúsnæðis og selskapsdýra (ÖBÍ)

Ákveðið að taka upp þráðinn aftur. Hallgerður áframsendir skjal með tillögum að rannsóknum og stjórnarmenn setjast yfir það og ákveða hvaða rannsóknir við ætlum að nota til að byggja málflutning okkar á.

5. Bréf til sveitafélaga

Hallgerður með bréfið í vinnslu. Hallgerður sendir stjórnarmönnum póst með bréfinu þar sem það verður framunnið. Frestað til næsta fundar, verður búið að vinna bréfið þá eða það fullunnið.

6. Notkun aðila á orðmyndinni Dýraverndarinn

Áskorun barst frá aðila sem er notar nafnið Dýraverndarinn og myndmerki tímaritsins í leyfisleysi, um að Dýraverndarsambandið ætti að láta af notkun þess þar sem hann hafi stofnað heimasíðu og facebook síðu með því nafni og því á undan félaginu að nota nafnið. Svarpóstur sendur á viðkomandi þar sem hann var látinn vita að stjórn DÍS væri búið að láta álit sitt í ljós og hefði sent erindi til Neytendastofu.

7. Bréf DÍS til Neytendastofu

Bréf unnið af Hallgerði og Liselotte yfirfarið og samþykkt. Ákveðið að undirbúa einkaleyfamál samhliða biðinni eftir svári frá Neytendastofu. Það er einróma álit stjórnar að það þurfi að fara í mál við manninn sem er að misnota merki og nafn tímaritsins. Athugað verður með meiðyrðamál síðar vegna ummæla hans um félagið og um formann þess.

8. Hefja undirbúningsstarf vegna velferðarvottunar

Hallgerður sendir stjórnarmönnum punkta í tengslum við vottunina.

9. Eitrað fyrir köttum í Hveragerði og bréf Kattavinafélagsins

Frestað til næsta fundar.

10. Önnur mál

Nýtt merki DÍS

Hallgerður afhenti nýtt merki/logó til eignar til félagsins. Hallgerður vann merkið og grafískur hönnuður, Arna Fríða Ingvarsdóttir, framvann merkið. Merkið verður skráð.

4. fundargerð 5. nóvember 2015

Fjórði fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á starfsári 2015-2016, haldinn að Grensásvegi 12A, 5. nóvember 2015 kl 18:30.

Mætt eru: Hallgerður, Linda, Steindór, Liselotte. Benedikt forfallaðist. Sif kom á fund um skype kl.19:45.

Fundur settur 18:40.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Yfirfarin og samþykkt.

2. Praktísk mál

Hallgerður leggur fram fyrir hönd Benedikts hvort við gætum breytt fundartíma. Samþykkt að færa stjórnafundi yfir í fyrsta fimmtudag í mánuði í stað síðasta fimmtudag hvers mánaðar, hentar Benedikt betur. Rætt um fjölmiðla í sambandi við dráp á kú.

3. Blaðagreinar og bréf

Engar greinar eða bréf að svo stöddu.

4. Eitrað fyrir köttum í Hveragerði og afrit Kattavinafélagsins.

Hallgerður hefur samband við Kattholt og heyrir óskir þeirra varðandi þetta mál, en lögregla aðhefst ekkert þótt sterkar vísbendingar séu um hver gerandinn er.

5. Bréf til sveitafélaga

Unnið á fundinum og verður sent til sveitarfélaga.

6. Framvinda vegna manns sem notar merki og einkenni félagsins.

Andsvar manns við bréfi Neytendastofu kynnt, höfum 10 daga til að svara, Liselotte og Hallgerður vinna bréfið og senda stjórn til samþykktar. Ef til kemur förum við í dómsmál út af einkaleyfinu en ekki vegna efnisins. Stjórnin telur dýravelferð í hag að efni blaðsins sé kynnt sem víðast.

7. Framvinda með vottun/málþing og vottunarstofan Tún. Málþing og undirbúningsfundur.

Vottunarstofan Tún hefur lýst yfir áhuga á að taka að sér velferðarvottun í samstarfi við DÍS, þann hluta sem snýr að eftirliti og vottun. DÍS vinnur vottunarviðmið. Hagur þess að vera í samstarfi við þau ræddur. Ákveðið að halda vinnufund fyrir málþingið 22. nóvember og málþing yrði 28. nóvember.

8. Semja áskorun til ráðherra vegna endurskoðunar á búvörulögum.

Frestað til næsta fundar.

9. Desemberhittingur DÍS

Ákveðið að hafa hittinginn 12. desember kl 20, félagasamtökum sem starfa í þágu dýravelferðar boðið.

10. Önnur mál

Vanfóðrun á hestum í Reykhólahreppi.

Hestar aflífaðir á bæ í Reykhólahreppi vegna vanfóðrunar. Steindór hefur samband við aðila sem þekkir málið frá fyrstu hendi til að afla gagna, rætt að skrifa blaðagrein til að hvetja almenning og nágretta að láta vita af illri meðferð dýra ef þess verður vart.

Foie gras auglýsing í fréttablaðinu.

Rætt að skrifa blaðagrein vegna þess að fyrirtækið Treat ehf er að selja foie gras, auglýsir það sem tilvalda gjöf til starfsmanna fyrirtækja.

Yfirfarið og samþykkt með lagfæringum 11.02.16

5. fundargerð 11. febrúar 2016

Fimmti fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á árinu 2016, haldinn að Grensásvegi 12A, 11. febrúar 2016 kl 18:30.

Mætt eru: Hallgerður, Linda, Liselotte og Benedikt. Sif kemur í facebook messenger en þarf að hætta kl. 20:00. Benedikt ritar fundargerð.

Fundur settur 18:45

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð lesin yfir og samþykkt

2. Praktísk mál

Rædd framvinda varðandi viðgerðir hússins, innlagður nýr rafstrengur ofl.

Rætt erindi neytendastofu, hún verður ekki við beiðni Árna um frávísun.

Einnig rætt að bjóða honum fjárhagslegan stuðning við að skipta um lén.

Farið yfir útleigu hússins, slík leiga ætti að vera tengd starfsemi félagsins en ekki til veisluhalda, ferminga og annars. Þetta er vegna mögulegrar skaðabótaskyldu og skattamála, en leiga í nafni félagsstarfa tengt tilgangi félagsins er ekki bundið slíkum skilyrðum.

3. Blaðagreinar og bréf

Hallgerður kynnir grein „Að fá sér hund og halda hann svo í búi“.

Greinin samþykkt til birtingar. Einnig rætt að „variera“ birtingu greina milli fleiri fjölmiðla en nú er.

4. Ný reglugerð um velferð gæludýra

Rætt að senda athugasemd vegna notkunar á kúlum eða kringlóttum fiskabúrum.

Einnig vantar að taka skýrar fram að smádýr eigi ekki að halda ein í búrum.

Ákveðið að stjórnarmenn fari vel yfir reglugerðina og finni hvort um fleiri atriði er að ræða, en síðan verði skrifuð grein til að lýsa áhyggjum DÍS af þessum liðum og/eða til að benda á góðan árangur DÍS og fleiri félaga í reglugerðarvinnunni.

5. Búvörusamningar og styrkir, áskorun til ráðherra og BÍ

Ákveðið að senda ályktun til ráðuneytis varðandi heimildir til að fella niður opinberar greiðslur ef aðilar gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot á dýravelferðarlögum.

Ályktunin samin og samþykkt.

6. Velferðarvottun, framhald

Þessum lið er frestað til næsta fundar

7. Stjórnarfundir, opið hús og málþing fram að aðalfundi

Næsti fundur er boðaður 3.mars kl. 18:30, og sá þar næsti 17.mars á sama tíma

8. Brunavarnir í útihúsum

Þessum lið er frestað til næsta fundar

9. Önnur mál

Vefsíðumál og fleira rætt á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 21:00

Næsti fundur er boðaður 3.mars kl. 18:30, og sá þar næsti 17.mars á sama tíma.

6. fundargerð 10. mars 2016

Sjötti fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á árinu 2016, haldinn að Grensásvegi 12A, 10. mars 2016 kl 18:30.

Mætt eru: Hallgerður, Linda, Liselotte og Steindór. Sif kemur í myndsíma.

Linda ritar fundargerð.

Fundur settur 18:50

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð lesin yfir og samþykkt

2. Praktísk mál og framvinda

Rætt um leka á baðherbergi hússins, þurfum að fá pípara í málið. Rætt að stofna til húsfundar til að mögulega deila kostnaði, þar sem þetta er vandamál í klóaki.

Ákveðið að senda bréf til ráðuneytis til að áréttta vankanta reglugerðarinnar varðandi smádýr.

3. Blaðagreinar og bréf

Engar blaðagreinar lagðar fram á fundinum.

4. Brunavarnir í útihúsum

Ákveðið að senda bréf til ráðuneytis varðandi að harma að brunavarnir, væru auknar varðandi gæludýr en tekið út úr reglugerðum um húsdýr. Við hyggjumst vinna í þessu þar til þetta er komið í lag. Hugmynd að fá tryggingarfélög í lið með okkur.

5. Velferðarvottun framhald

Rætt að halda málþing eða félagsfund í apríl varðandi velferðarvottunina.

6. Eftirfylgni með búvörusamningamáli

Við ætlum að áréttta við ákveðna alþingismenn og fylgja eftir umræðunni sem verður Alþingi eftir páska.

- Linda þarf að fara af fundi og Sif tekur við sem fundarritari

7. Fótbotinn hundur í einangrun

Brotalöm í reglum og vantar viðbragðsáætlun til að taka á alvarlegum veikindum eða slysum sem koma upp hjá dýrum í einangrunarstöð. RÚV hefur áhuga á að fjalla um málið og stjórn fylgir eftir með bréfi til ráðuneytis.

8. Aðalfundur 2016

Stefnt á að halda hann 7. maí. Lagabreytingar; stjórn vinnur tillögur. Skerpa á umboði stjórnar til að fara með fé félagsins og hlutverk félagsins. Athuga heiti félagsins.

9. Heimasíðan okkar

Þarf að uppfæra síðuna. Byrjum á því að auglýsa eftir áhugasömum félagsmanni sem getur aðstoðað við að laga síðuna.

10. Önnur mál

a. Útigangshross og notkun á hestum. Höfum samband við Sigurð Sigurðarson dýralækni og stjórn vinni ályktun varðandi hross á útigangi. Stefnt að því að vinna síðar leiðbeiningar fyrir hestamenn vegna útigangs.

7. fundargerð 7. apríl 2016

Sjöundi fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á árinu 2016, haldinn að Grensásvegi 12A, 7. apríl 2016 kl 18:30.

Mætt eru: Hallgerður, Linda, Liselotte og Steindór. Sif kemur í myndsíma um netið.

Linda ritar fundargerð.

Fundur settur 18:40

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð lesin yfir og samþykkt

2. Praktísk mál og framvinda

Farið stuttlega yfir bókhald félagsins. Athuga hvort það sé hægt að fá lækkun á fasteignagjöldum og hjá Orkuveitunni.

3. Blaðgreinar og bréf

Engar blaðgreinar lagðar fram á fundinum.

4. Heimasíðan

Rætt að láta gera nýja heimasíðu eða lagfæra þá sem fyrir er. Ljóst að það þarf að vinna í síðunni og gera hana meira lifandi. Hætta hafa „fréttir“ fremst, hafa frekar lýsandi texta fyrir tilgang félagsins og að bæta inn á hana allskonar efni sem vert er að almenningur hafi aðgang að. Ályktanir og áskoranir, bréf til opinberra aðila, blaðgreinar, umsagnir, q&a, fræðsluefni úr Dýraverndaranum, greinar úr gömlum Dýraverndurum fyrri ára.

5. Yfirferð um lög og lagabreytingar

Rætt að skipta um nafn á félaginu, að það muni aftur heita Dýraverndarfélag Íslands. Rætt að vera með kynningarherferð næsta haust til að kynna félagið og fjölga félögum.

6. Annað um aðalfund komandi

Rætt almennt um aðalfundinn og undirbúning hans.

7. Opið hús (með tölvupóstboði)

Ákveðið að hafa opið hús laugardaginn 16. apríl, kynnt á facebook síðu og tölvupóstur sendur til félaga. Ræða þar velferðarvottun og búskap.

8. Dýraverndari ársins 2016 og 2x styrkir

Rætt. Hugmynd að velja Dýrahjálpi Íslands sem Dýraverndara ársins 2016 og styrkja Project Henry (fuglavernd á Læknum í Hafnarfirði) og Félag ábyrggra hundaeigenda til að starfa. Ákveðið síðar.

9. Næstu skref með vottun

Verður sett á dagskrá síðar.

10. Önnur mál

Rætt um útigang hrossa, hið góða og hið slæma. Rætt að vinna ályktun og grein í Dýraverndarann.

Næsti stjórnarfundur 21. apríl kl 18:30

8. fundargerð 28. apríl 2016

Áttundi stjórnarfundur Dýraverndarsambands Íslands á árinu 2016, haldinn að Grensásvegi 12A, 28. apríl 2016 kl 18:30.

Mætt eru: Hallgerður og Steindór á staðnum, Sif og Benni mæta á Skype. Linda og Liselotte boða forföll. Hallgerður ritar fundgerð.

Fundur hófst um 18:45

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Ekki er hægt að taka fundargerð frá 7 apríl til samþykktar að þessu sinni vegna tæknilegra örðugleika.

2. Lagabreytingar

Lesið yfir og samþykkt að leggja fram í nafni stjórnar 3 lagabreytingatillögur, sem fylgja hér með ásamt röksemdum. Unnið verði í orðalagsbreytingum á næsta ári og lagðar fram sér, en þá verði helst ekki gerðar tillögur um efnislegar breytingar um leið. Sérstakur fundur var um lagabreytingar 21. apríl og unnið að þeim þar. Samþykktar tillögur:

TILLAGA EITT.

1. gr.

Heiti félagsskaparins er *Dýraverndarfélag Íslands - Dýraverndarsamband Íslands* og er varnarþing þess í Reykjavík.
Helstu rök:

Nafnabreyting er gerð með það að markmiði að nota fremur hið upprunalega nafn félagsins og í ríkara mæli. Gamla nafnið er enn mikið notað víða og veldur ruglingi að hafa það ekki með í heiti félagsins, betra er að hafa bæði nöfnin gild og stefna af því að afleggja „samband“ úr nafni félagsins með tíð og tíma. Upprunalegt nafn félagsins er Dýraverndunarfélag Íslands og var notað í 55 ár en nafnabreytingar á sjötta og tíunda áratug síðustu aldar urðu vegna þess að reynt var að stofna til aðildafélaga eða undirdeilda. Gekk það aldrei vel. Við viljum hefja hið gamla nafn upp á ný og tengja betur við sögu félagsins um leið. Bæði nöfnin yrðu notuð jöfnum höndum fyrst í stað og jafnframt væri hið gamla nafn félagsins tryggt fyrir því að aðrir geti tekið það upp. Nýrri orðmynd sleppir stöfunum „un“ úr nafninu, til samræmis við nútíma orðfæri.

verður:

1. gr.

Heiti félagsskaparins er *Dýraverndarfélag Íslands - Dýraverndarsamband Íslands* og er varnarþing þess í Reykjavík.

TILLAGA TVÖ.

5. gr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Stjórn velur *viðurkenndan fagaðila sem sér um löggiltan endurskoðanda sem sér um endurskoðun reikninga og gerð ársreikninga sambandsins.*

Helstu rök:

Endurskoðun er skyld samkvæmt lögum um ársreikninga (nr. 3/2006, 98.gr.) ef félag fer fram yfir tvö af eftirfarandi þremur atriðum: 1. eignir nema 200.000.000 kr., 2. rekstrartekjur nema 400.000.000 kr., 3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50. Hér er aðallega miðað við atvinnurekstur, en ekki er hefðbundið að endurskoða þurfi ársreikninga hjá litlum félagasamtökum. Endurskoðun er enda mjög dýr og því hefðbundið að félög fái skoðunarmenn, oft

félagsmenn, til að skoða og láta í ljósi álit á réttleika bókhalds og reikninga. Um hæfi skoðunarmanna fer eftir lögum um bókhald (nr 145/1994, 33.gr.)

Hér er miðað við að með orðalaginu „viðurkenndan fagaðila“ sé átt við aðila sem hefur hlotið viðurkenningu sem bókari með réttindi til að gera upp lítil og meðalstór félög, eða aðila með meiri þekkingu, en ekki einskorðað við aðila með full endurskoðunarréttindi.

verður:

5. gr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Stjórn velur viðurkenndan fagaðila sem sér um gerð ársreikninga sambandsins.

TILLAGA ÞRJÚ.

9. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum sambandsins. Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Til hans skal boða með a.m.k. 14 daga fyrirvara með auglýsingu og samkvæmt gildandi félagaskrá á hverjum tíma og telst hann þá lögmætur. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir fullgildir félagsmenn.

Á aðalfundi skal stjórn kynna ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári, kynna tillögur um verkefni næsta árs og leggja fram ~~endurskoðaða~~ reikninga félagsins og **undirritað álit skoðunarmanna til afgreiðslu**. Kynni stjórn DÍS fyrirhuguð verkefni sem fela í sér veruleg fjárútlát þarf samþykki tveggja þriðju aðalfundargesta til þeirra verkefna.

Helstu rök;

Verja verður félagið fyrir ~~hugsanlegum óábyrgum fjárútlátum stjórna~~ **fjárhagslega hagsmuni félagsins** í framtíðinni með því að slá varnagla sem takmarkar umboð stjórnar til að fara óvarlega með fé og sem skapar grundvöll til að sækja aftur það sem óvarlega hefur verið farið með, jafnvel með málssókn af hálfu félagsins. Stjórn DÍS hefur eftir sem áður umboð til daglegs reksturs og ~~atværa~~ **viðburðahalds**, eðlilegrar kynningar og vinnu í þágu markmiða félagsins í samræmi við 2. grein laga félagsins, liðir a) til f).

Hér er einnig skert á því að álit skoðunarmanna eigi að liggja frammi við samþykktarferli á ársreikningum félagsins í samræmi við tillögu um breytingu á 5. grein.

verður:

9. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum sambandsins. Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Til hans skal boða með a.m.k. 14 daga fyrirvara með auglýsingu og samkvæmt gildandi félagaskrá á hverjum tíma og telst hann þá lögmætur. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir fullgildir félagsmenn.

Á aðalfundi skal stjórn kynna ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári, kynna tillögur um verkefni næsta árs og leggja fram skoðaða reikninga félagsins og álit skoðunarmanna til afgreiðslu. Kynni stjórn DÍS fyrirhuguð verkefni sem fela í sér veruleg fjárútlát þarf samþykki tveggja þriðju aðalfundargesta til þeirra verka.

3. Annar undirbúningur aðalfundar

Setja þarf lagabreytingatillögur og framboð sem berast inn á netið á mánudaginn (Hallgerður), en fundurinn er á milli kl 14-16, laugardaginn 7. maí.

Árskýrsla: yfirferð yfir vinnu ársins, skerpa á áherslum, verkefni næsta árs: halda áfram með vinnu að vottun, halda stefnu um málefnalegt samtal sem ber á, fjölga félagsfundum, halda helst tvo félagafundi á næsta ári sem boðað er til með tölvupósti, auk annarra viðburða. Fjölga

félögum markvisst. Uppfæra heimasíðu og fjöruga hana upp. Halda áfram með þau verkefni sem liggja fyrir. Segja frá hverjir fá styrki og verða dýraverndari ársins, sem eru: Dýrahjálpi Íslands verði dýraverndari ársins 2016, Félag ábyrgra hundaeigenda (eyrnamerkt félagsgjöldum) og Project Henry til fuglaverndar. Miða við 60 þúsund. Fá fundarstjóra og fundarritara.

4. Önnur mál

Eigum við að halda stjórnarfundum oftari en einu sinni í mánuði? Tillaga að halda þá oftari í þrjú mánuði haust og fjóra um vor, á aðal starfstíma þ.e. í september, október og nóvember og aftur í janúar, febrúar, mars og apríl. Taka jólafrí frá stjórnarfundum í desember og halda einn fund í maí og einn í ágúst, en annars frí í júní og júlí. Alls 17 stjórnarfundir. Setja plan fyrir þetta eftir aðalfund.

Fundi slitið 20:00